



## Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 26. apríl 2017

### Umsögn Hey Iceland við tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022, mál nr. 402, 146. löggjafarþing.

Hey Iceland er vörumerki ferðaskrifstofunnar Ferðapjónustu bænda hf og Félags ferðapjónustubænda. Ferðaskrifstofan er að stórum hluta í eigu félagsmanna sem bjóða upp á gistingu, afþreyingu og veitingar á yfir 170 bæjum og býlum um allt land. Á skrifstofunni vinna yfir 30 manns og hjá félögum má áætla að samanlagður fjöldi starfsmanna geti farið upp í 1500 á háannatíma.

Hey Iceland telur óráðlegt að færa ferðapjónustuna úr neðra þrepi virðisaukaskatts í það efra í þeim tilgangi að auka skattheimtu af ferðamönnum. Nú þegar hefur ríkissjóður miklar tekjur af ferðamönnum og sú skarpa verðhækkun sem er áformuð í fjármálaáætlun er líkleg til að valda hruni í þeim tekjustofni.

Vart þarf að taka fram að nú þegar hafa miklar hækkunir dunið á erlendum ferðamönnum vegna launa- og gengisþróunar. Á mjög skömmum tíma hefur þetta valdið miklum titringi meðal erlendra viðskiptavina. Skattahækkun í ofanálag er sem olía á eld. Þá ber að geta þess að ferðapjónustan á Íslandi er ekki í samkeppni við aðrar atvinnugreinar hér á landi heldur frekar í alþjóðlegri samkeppni, þar sem flestar þjóðir eru með ferðapjónustuna í lægri skattþrepum.

Félagsmenn Hey Iceland eru margir hverjir með litlar rekstrareiningar og á „köldustu“ svæðunum, þ.e. þeim sem lengst eru frá höfuðborgarsvæðinu, nær ferðamannatímabilið varla þremur mánuðum. Þessar rekstrareiningar mega ekki við miklu. Eftir bankahrunið var samdráttarskeið í uppbyggingu um hríð, en eftir að ferðamönnum fór að fjölga hafa flestir innan Hey Iceland lagt í fjárfestingu og uppbyggingu undanfarin ár. Gengisþróunin hefur nú þegar leitt til þess að ferðamenn stoppa styttra og fara síður út á land þar sem mest er um gistiframboð Hey Iceland. Tekjutapið gerir gististöðunum erfiðara fyrir um að standa við skuldbindingar sínar eða halda starfsfólki. Margir félagsmenn hafa nú þegar lýst yfir miklum áhyggjum af fjárhagslegri afkomu sinni. Þetta er staðan áður en áformuð hækkun virðisaukaskatts er komin inn í myndina. Fæstir sjá fram á að geta lagt virðisaukaskattinn ofan á gjaldskrá sem er nú þegar allt of há og neyðist því til að taka hann að hluta eða í heild á sig.



Helsta þróunin sem við sjáum er að Evrópubúar sem hafa verið mikilvægustu og verðmætustu viðskiptavinir Hey Iceland eru að fara eitthvað annað og bera við háu verði. Í staðinn ber að einhverju leyti meira á Asíubúum í stuttu 2-3 daga stoppi, sem þýðir að þeir dvelja aðeins á suðvesturhorni landsins. Tekjur af hverjum gesti fara einnig rýrnandi, þeir kaupa síður veitingar á glististöðunum, koma frekar með eigið nesti eða kaupa sér jógúrt í kaupfélaginu. Þá finnum við einnig fyrir því að ásókn eykst í ódýrustu gistinguna.

Fréttir um að ferðamönnum fari engu að síður fjölgandi segja ekki neitt um hina raunverulegu stöðu. Tvær milljónir ferðamanna í Bankastræti og á Gullfossi og Geysi gera lítið fyrir ferðaþjónustuna eða þjóðarþúið, sérstaklega þegar horft er til landsbyggðarinnar.

Við höfum áhyggjur af að stjórnvöld geri sér ekki grein fyrir núverandi stöðu ferðaþjónustunnar og þeim ógnvænlegu áhrifum sem áformuð hækkan virðisaukaskatts er líkleg til að hafa, sérstaklega á minni ferðaþjónustufyrirtæki á landsbyggðinni. Okkur þykir því mikil ástæða til að vara eindregið við þessum hugmyndum og hvetjum til að fallið verði frá þeim.

Fyrir hönd Hey Iceland,

Sævar Skaptason, framkvæmdastjóri Ferðaþjónustu bænda hf.  
Björgvin Jóhannesson, formaður Félags ferðaþjónustubænda

Félagsmenn frá eftirtöldum stöðum:

Nafn	Kennitala	Póstfang
Sandgerði cottages	0211483189	245 Sandgerði
Minna knarrarnes	2306655919	190 Vogum
Hliðsnes	6106060910	225 Álftanes
Kríunes	6706024190	200 Kópavogur
RVK HoriZon	5310141460	225 Álftanes
Fitjar	5803022380	116 Reykjavík
Hjalli í Kjós	4205062520	270 Mosfellsbær
Bjarteyjarsandur, Hvalfjarðarströnd	0508482649	301 Akranes
Hótel Sól	5309131470	311 Borgarnes
Gistiheimilið Hvítá	4204140990	311 Borgarnes



Jaðar	2310704359	311 Borgarnes
Fossatún í Borgarfirði	6904023270	311 Borgarnes
Geirshlíð	0604652909	320 Reykholt
Brennistaðir	1101294169	320 Reykholt
Nes í Reykholtsdal	1301354989	311 Borgarnes
Steindórsstaðir	0601553059	311 Borgarnes
Signýjarstaðir í Hálsasveit	0610523139	320 Reykholt
Hótel Á	5402051240	320 Reykholt
Hótel Hafnarfjall	7003090370	311 Borgarnes
Bjarg	0312704809	310 Borgarnes
Meyjarskemman	1704463649	311 Borgarnes
Ensku Húsin	5502130600	311 Borgarnes
Staðarhús	6204131860	311 Borgarnes
Hraunsnef í Norðurárdal	2705674019	311 Borgarbyggð
Snorrastaðir	0602323349	311 Borgarnes
Gistihúsið Langaholt	7011003790	356 Snæfellsbær
Kast Guesthouse	6210090600	356 Snæfellsbær
Arnarstapi Center	6403002990	355 Snæfellsbær
Suður-Bár	1511734469	350 Grundarfjörður
Vogur Fellströnd	4303932199	371 Búðardalur
Hótel Látrabjarg	5803922969	451 Patreksfjörður
Breiðavík við Látrabjarg	1807664999	451 Vesturbyggð
Við Fjörðinn	4102002280	470 Þingeyri
Núpur Hostel	5403080120	471 Þingeyri
Kirkjuból í Bjarnadal	0602694329	425 Flateyri
Heydalur	6705024140	420 Súðavík
Urðartindur	6204982469	524 Norðurfirði
Laugarhóll, Bjarnarfirði	5705992329	510 Hólmavík
Kirkjuból við Steingrímsfjörð	6301012040	510 Hólmavík
Brekkulækur í Miðfirði	5310063800	531 Hvammstangi
Neðra-Vatnshorn	2309575099	531 Hvammstangi
Gauksmýri	6805992709	531 Hvammstangi
Stóra-Ásgeirsá	1803842199	531 Hvammstangi
Dæli	1701575599	531 Hvammstangi
Stekkjardalur	0908592779	541 Blönduós



Hof í Vatnsdal	0107633479	541 Blönduós
Stóra-Giljá á Ásum	1001324439	541 Blönduós
Geitaskarð	0505452969	541 Blönduós
Steinsstaðir í Skagafirði	6907044390	560 Varmahlíð
Syðri-Skörðugil	1411723879	560 Varmahlíð
Sölvanes	1608477199	560 Varmahlíð
Glæsibær í Skagafirði	1912474699	560 Varmahlíð
Keldudalur	2408665799	551 Sauðárkrókur
Brúnastaðir	6809110530	570 Fljótum
Sveitasetrið Hofsstöðum	4112982219	551 Sauðárkrókur
Hofsstaðir - Bændagisting	6306090970	551 Sauðárkrókur
Lauftún í Seyluhreppi	1507312169	560 Varmahlíð
Syðri-Hagi	1205316119	621 Dalvík
Ytri-Vík/Kálfskinn	5905942299	621 Dalvík
Húsabakki	5403170540	621 Dalvík
Skjaldarvík	4106051710	601 Akureyri
Sílastaðir í Glæsibæjarhreppi	2001433029	601 Akureyri
Pétursborg	2109762219	601 Akureyri
Lónsá	5603150310	601 Hörgárbyggð
Lamb-Inn	5504922379	601 Akureyri
Brúnalaug	3003577419	601 Akureyri
Silva	6812111360	601 Akureyri
Ártún	1201655269	601 Akureyri
Hótel Sveinbjarnargerði	4601150190	601 Akureyri
Þórisstaðir á Svalbarðsströnd	1504573359	601 Akureyri
Draflastaðir	4803070460	601 Akureyri
Guesthouse Fosshóll	4303972069	645 Fosshóli
Stóru Laugar í Reykjadal	6002012630	404 Stóru-Laugar
Narfastaðir	6204982549	650 Laugar
Kiðagil	6603071410	641 Húsavík
Rauðaskriða í Aðaldal	6806023440	641 Húsavík
Einishús	6509071400	641 Húsavík
Stöng	4202070850	660 Mývatn
Skútustaðir við Mývatn	2502484829	660 Mývatn
Vogafjós við Mývatn	4805073200	660 Mývatn
Eldá við Mývatn	4504790559	660 Mývatn



Geo Travel	5902100720	641 Húsavík
Pinghúsið Hraunbær í Aðaldal	5005992869	641 Húsavík
Hagi I í Aðaldal	0103525419	641 Húsavík
Brekka	4809090970	641 Húsavík
Klambrasel / Langavatn	0405483009	641 Húsavík
Skúlagarður	1301553679	671 Kópasker
Keldunes	2503522719	671 Kópasker
Grimstunga	6405122530	642 Reykjahlíð
Ytra Lón	5009090560	681 Þórshöfn
Síreksstaðir	0304487669	690 Vopnafjörður
Syðri-Vík í Vopnafirði	2502353809	690 Vopnafjörður
Skjöldófsstaðir	6206060810	701 Egilsstaðir
Hótel Svartiskógur	4703911549	701 Egilsstaðir
Ferðaþjónustan Ekru	2605635649	701 Egilsstaðir
Ferðaþjónustan Borg	0208594749	720 Borgarf.eystra
Álfheimar	5801081210	720 Borgarfirði eystra
Blábjörg Gistiheimili	7105060430	720 Borgarfirði eystra
Eyvindará II	4503071570	700 Egilsstaðir
Skipalækur í Fellum	6806061610	701 Egilsstaðir
Gistihúsið Egilsstöðum	7001982869	700 Egilsstaðir
Útnyrðingsstaðir	1703623819	701 Egilsstaðir
Eyjófsstaðir	4310972739	701 Egilsstaðir
Hafursá við Hallormsstað	6506042960	701 Egilsstaðir
Fljótsdalsgrund	4709091450	701 Egilsstaðir
Óbyggðasetrið	5403140630	701 Egilsstaðir
Skorrahestar	5406101420	740 Neskaupstað
Gistiheimilið Sólbrekka	1610484969	715 Mjóafirði
Ferðaþjónustan Mjóeyri	6805022930	735 Eskifirði
Silfurberg	3110423009	760 Breiðdal
Skarð	1704403159	760 Breiðdalsvík
Hótel Staðarborg	5105061890	760 Breiðdalsvík
Árnanes	6705100420	781 Hornafjörður
Hoffell	6807032560	781 Hornafjörður
Brunnhóll	1202532399	781 Hornafjörður
Lambhús	6508110460	781 Höfn
Hólmur á Mýrum	1308637449	781 Höfn
Nýpurgarðar	5108050380	781 Höfn
Gistiheimilið Stekkatún	4808071380	781 Höfn
Skálafell	4412022450	781 Hornafjörður
Smyrlabjörg í Suðursveit	5403012120	781 Hornafjörður
Gerði í Suðursveit	1804625629	781 Hornafjörður
Hali í Suðursveit	0110522749	781 Höfn



Litla-Hof í Öräfum	0507483329	785 Fagurhólsmýri
Hof I í Öräfum	4210911109	785 Fagurhólsmýri
Dalshöfði	1502484509	880 Kirkjubæjarklaustur
Efri Vík í Landbroti	6310780799	880 Kirkjubæjarklaustur
Skeiðflöt ehf. - Farmhouse Lodge	4402141340	871 Vík
Giljur	0210652939	871 Vík
Geirland á Síðu	4107033780	880 Kirkjubæjarklaustur
Hunkubakkar á Síðu	5801002280	880 Kirkjubæjarklaustur
Mið-Hvoll	6905952499	871 Vík
Höfðabrekka í Mýrdal	5104050560	871 Vík
Steig í Mýrdal	4204081530	871 Vík
Brekkur - Hótel Dyrhólaey	5606982329	871 Vík
Vellir	2207624759	871 Vík
Eystri-Sólheimar í Mýrdal	2602453179	871 Vík
Hótel Skógarfoss	1409523709	861 Vík
Sólheimahjáleiga	0803674069	871 Vík
Moldnúpur - Hótel Anna	1409523709	861 Hvolsvöllur
Stóra-Mörk 3	1904623319	861 Hvolsvöllur
Hótel Fljótshlíð	4102060560	861 Hvolsvöllur
Fagrahlíð í Fljótshlíð	6408982409	861 Hvolsvöllur
Hellishólar í Fljótshlíð	4601052690	861 Hvolsvöllur
Hótel Selið	4702140150	861 Hvolsvöllur
Hótel Lækur	6909932019	851 Hella
Hotel Vos	6212003130	851 Hella
Hestheimar	5001972269	851 Hella
Heimaland í Landsveit	1706392199	851 Hella
Hrauneyjar Hálandismiðstöð	6410051420	851 Hella
Gistihúsið Álfröð	7101012640	801 Selfoss
Hraunmörk - Icelandic Cottages ehf	4607121490	801 Selfoss
Dalbær III	6904042220	845 Flúðum
Hestakráin /Húsatóftum	0105522069	801 Selfoss
Vorsabær 2	2109555429	801 Selfoss
Vatnsholt	6304932349	801 Selfoss
Friðheimar í Bláskógarbyggð	1409705229	801 Selfossi
Hrosshagi 2 í Biskupstungum	1610532019	801 Selfoss
Sel í Grímsnesi	1807393279	801 Selfoss
Efstidalur 2	1704546189	801 Selfoss
Hótel Gullfoss	6803952419	801 Selfoss
Hótel Geysir	4812932519	801 Selfoss
Heiðarás	6711690189	801 Selfoss
Hótel Borealis	6804140680	801 Selfoss
Grímsborgir, Grímsnesi	4909580109	801 Selfoss



IceBlue Lodge	6208080590	801 Selfoss
Bitra/Árberg ehf.	4704080490	801 Selfoss
Guesthouse Lambastaðir	1405593509	801 Selfoss
Geirakot	2602494799	801 Selfossi
Mýri Guesthouse	1104764509	801 Selfossi
Sólhestar	5901110580	816 Ölfus
Hjarðarból	6410972099	816 Ölfus
Núpar I-II	5702120280	816 Ölfus
Hótel Eldhestar - Vellir í Ölfusi	4210922069	810 Hveragerði